

109

12. nóv.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Ytri-Akraneshreppi.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Ytri-Akraneshreppi skal falin 3 manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlinis undir verksvið lögreglustjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki hreppurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Ytri-Akraneshreppi er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldæla með slöngum og tenglum, minnst 50 vatnsfötur, rafknúinn brunaliður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl, auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði aðgangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

109

12. nóv.

Hreppsnefnd ræður, eftir tillögum brunamálanefndar, mann eða menn til að hirða eða hafa umsjón með slökkvitækjunum, og ber hann eða þeir ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið.

5. gr.

Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér og láta fylgja húsi sínu.

6. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kaupúninu er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2. og 3. hæð, ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stigin og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

7. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sér hverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og ekki má nota þau til neins annars en þess að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eigin kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviahöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans, vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr hreppnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir

109 tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á 12. nóv. meðan í samráði vð brunamálanefnd.

9. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í hreppnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

10. gr.

Í slökkviliði hreppsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 18 liðsmenn og 2 brunaboðar.

11. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins, eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til þess, og ráðið aðra menn í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn úr slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslur fyrir starf það, er þeir vinna í þjónustu þess við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði eftir mati, nema öðruvisi semjist um.

13. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

14. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á, að ávallt séu nægilega margir í slökkviliðinu og að það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, sem fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef

slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess. 109 12. nóv.

15. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan hreppsins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

16. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þennan, eftir tillögum lögreglustjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyld er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot, og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

17. gr.

Heimilt er að taka vatn, til þess að slökkva eld og til æfinga, úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skyld er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld er sérhverjum húseiganda skyldt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlaust aðgang og umferð um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir, ef einhverjar verða.

Ef hús brennur er sérhverjum skyldt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir það úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru hreppsþúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

109

12. nóv.

18. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

19. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári af manni, sem hreppsnefnd ræður til þess starfa. Þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftari, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum í hreppnum, og líta eftir að þau séu lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og aðgæta, hvort púðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist Brunabótafélagi Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana. Skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það er lagfæra þarf. Auk þess greiðir hinn brotlegi allan kostnað við síðari skoðunina.

VII. KAFLI

Um brunaboðun.

20. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kaupúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum, og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupúnið með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

109

12. nóv.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

21. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða á almannfæri, eða milli húsa eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama skal einnig gilda um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á kaupþúnslóðunum má ekki kveikja bál eða halda brennu nema leyfi lögreglustjóra komi til.

22. gr.

Eldiviður, steinkol, mór eða annað eldsneyti má ekki liggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trám og borðvið má því aðeins hafa utanhúss, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástaflinn megir vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpintínu og öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni eða í mannheldum girðingum, og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteyptum loftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má lögreglustjóri láta flytja þær í burtu á kostnað eiganda.

23. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, benzíni eða áþekktum eldfimum vökvum skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

- a. Séu birgðirnar meir en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspítum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
- b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða portum þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós,

109

12. nív.

- að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra iláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. Séu slíkar birgðir geymdar innanhúss, skal gæta sömu varúðar og undir a.-lið.
- c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- og smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum. Skal þó gætt sömu varúðar og undir a.-lið.
- d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er með eld eða ljós, má ekki taka úr iláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius), t. d. benzín.
- e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi skal hann þurrkaður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. Í húsum má aldrei geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.
- f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupsins, nema samkvæmt fyrirlagi lögreglustjóra að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær tímurbúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja í burtu.
- g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma má ekki fara fram nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.
- h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg þar sem það er auðvelt til aflestrar.

24. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðum eða ofnum, og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr ofninum detti í kassann.
- b. Þegar límpottur er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

- c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa né kertaljós.
- d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfíð, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða á annan stað þar sem víska er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.
- e. Tréspænar, hey eða aðrir slíkir eldfimrir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfíð dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmíðafni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnaðarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðafni í járn- og trésmíðju sinni en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
- g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
- h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskraní með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.
- i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest upp á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um að reglum þessum sé hlýtt og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI

Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 10. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4 liðsmenn
2. Húsrífsflokkur	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	6 —
4. Dæluflokkur	4 —
5. Stigaflokkur	4 —
6. Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 9. gr., og skal hverjum

109 tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera. Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal 12. nóv. merkja á skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

- a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðast öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt sem hann bjargar skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.
- b. Húsrífsflokkur skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sin ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
- c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.
- d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdæluna, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn í samsetningu slangnanna.
- e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það á næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og hústölu þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli skyldir til að mæta á brunastaðnum og vinna þar það sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
- f. Stigaflokkur skal sjá um að koma stigum þeim, sem slökkvitækjunum fylgja og sem aðfengnir kunna að vera, á brunastaðinn og koma þeim þar fyrir, sem slökkviliðsstjóri ákveður. Skulu þeir jafnframt vera skyldir til að vinna þau verk önnur, er slökkviliðsstjóri kann að skipa þeim að vinna á brunastaðnum.
- g. Loks má slökkviliðsstjóri í samráði við brunamálanefnd skipa vatnsburðarflokk, svo marga menn sem honum þykir við þurfa. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum

með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, og til að bera vatn að brunastaðnum. **109**

12. nóv.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar, og er liðsmönnum öllum (sbr. 10. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 9. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð hreppsins, vanda um við þá sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðs, sbr. 26. gr., nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild, önnur en veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir brot sitt, er renni í sveitarsjóð Ytri-Akraneshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóvember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.